

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Akureyri um leyfi til lántöku til 177
bryggjugjörðar. — Samkvæmt beiðni yðar, herra bæjarfógeti, í þóknanlegu brjefi, dags. 2. des.
4. p. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til að Akureyrarkaupstaður taki nýtt lán,
að upphæð 4000 kr., fyrir reikning hafnarsjóðs, til að endurbæta og stækka steinbryggju
þá, sem þegar hefur verið byrjað að leggja fram á pollinn á Akureyri.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um leyfi til lántöku til 178
vegagjörðar. — Samkvæmt beiðni yðar, herra bæjarfógeti í þóknanlegu brjefi, dags. 11. des.
6. p. m. veiti jeg hjermeð samkvæmt 19. gr. í tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í
Reykjavík samþykki mitt til, að bæjarstjórn Reykjavíkur taki fyrir hönd kaupstaðarins
lán að upphæð 2000 krónur, er afborgist á 28 árum, til að standast kostnað við vega-
gjörð frá Selsholti vestur í Kaplaskjól, sem unnið hefur verið að í haust, og þjer tjáið
nú langt komna.

Fylgiskjal A. við 173

Skipshafnarskrá

yfir menn þá, sem eru á skipi með undirrituðum skipstjóra á sem
á heima í og sem eptir mælingarbrjefi dags. er reiknað að rúmmáli

Skipshöfnin skuldbindur sig til:

- 1, að koma til skips með fatnað sinn og sjálfir . . .
- 2, að vera áður nefndum skipstjóra eða hverjum öðrum skipstjóra, sem kynni að
verða skipaður í hans stað, eða hverjum öðrum, sem skipstjórnin kynni að verða
á hendur falin, gegnir og hlýðnir mótmælalaust í öllu því, sem fyrir skipað er í
þjónustu skipsins eða þarfir útgjörðarmannanna, bæði á sjó og landi.
- 3, að vera á skipinu, þangað til lögskráning úr skiprúmi fer fram, þá er skipið er
komið á höfn hjer á landi, og það er affermt þar, eða, ef þess er krafist, þá er
ferðinni frá þessum affermingarstað þangað sem skipið á heima er lokið og skipið
fest með akkerum; má þá segja upp vistinni af beggja hálfu, og ber þá að greiða
það sem eptir stendur af kaupinu áður dagar sje liðnir — allt samt að áskild-
um rjetti skipverja til að ganga úr skiprúmi þegar svo stendur á, sem segir í
sipsagabálki farmannalaga 22. marz 1890, 53. og 54. gr.
- 4, að heimta ekki á leiðinni frekari fyrirframgreiðslu upp í kaup, en innt var af
hendi áður en skipið lagði af stað, nema það sje heimilað í sipsagabálki far-
mannalaga.
- 5, að hafa ekki varning til sölu.

Komi upp ágreiningur milli skipstjóra og skipshafnarinnar, meðan skipið er utan-
ríkis, eru bæði skipstjóri og skipverjar, hvort sem þeir eru innlendir eða útlendir,
skyldir til að leita hins danska verzlunar-ræðismanns, ef nokkur slíkur er þar
skipaður, og að hlíta úrskurði hans, þó að áskildum rjetti til að láta íslenzkan
dómstól síðar rannsaka og dæma málið. Að öðru leyti fer um viðskipti skip-
stjóra og skipshafnar, svo sem sipsagabálkur farmannalaga mælir fyrir. Með
því að rita nöfn sín á þessa skipshafnarskrá, kannast skipverjar jafnframt við, að
hver þeirra um sig hafi fengið fyrir fram upp í kaup sitt það sem tilgreint er
við nafn hans.

16. dag desembermán. 1890.